

Leiðbeiningar um meðferð
virðisaukaskatts hjá
samskráðum félögum

Efnisyfirlit

| | | |
|----------|---|----------|
| 1 | INNGANGUR | 1 |
| 2 | HEIMILD TIL SAMSKRÁNINGAR | 1 |
| 2.1 | SKILYRÐI SAMSKRÁNINGAR | 1 |
| 3 | UMSÓKN UM SAMSKRÁNINGU | 2 |
| 4 | VIRÐISAUKASKATTUR Í VIÐSKIPTUM SAMSKRÁÐRA FÉLAGA | 2 |
| 4.1 | ALMENNT | 2 |
| 4.1.1 | <i>Dæmi um viðskipti með og án virðisaukaskatts</i> | 3 |
| 4.2 | REIKNINGSÚTGÁFA Í VIÐSKIPTUM MILLI SAMSKRÁÐRA | 3 |
| 5 | VIÐSKIPTI VIÐ AÐILA UTAN SAMSKRÁNINGAR | 3 |
| 6 | SKIL Á INNHEIMTUM VIRÐISAUKASKATTI | 3 |
| 6.1 | ÁBYRGÐ Á GREIÐSLU VIRÐISAUKASKATTS | 3 |
| 7 | LOK SAMSKRÁNINGAR | 3 |

1 Inngangur

Sú skylda hvílir á öllum þeim sem hafa með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi að tilkynna um starfsemina til Skattsins eigi síðar en átta dögum áður en hún hefst. Þessi skylda tekur til allra skattskyldra aðila, einstaklinga sem lögaðila, enda þótt fyrirtæki séu hluti af fyrirtækjasamstæðu. Lög um virðisaukaskatt heimila þó fyrirtækjasamstæðum að vera skráð samskráningu á virðisaukaskattsskrá ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt.

Með samskráningu er öllum innheimtum virðisaukaskatti móður- og dótturfélaga innan samstæðunnar skilað í nafni móðurfélagsins í stað þess að hvert og eitt félag innan samstæðunnar standi skil á skýrslu og virðisaukaskatti þar sem sum þurfa e.t.v. að greiða háar fjárhæðir á meðan önnur eiga rétt á endurgreiðslu þegar innskattur er hærri en útskattur.

Í leiðbeiningum þessum er leitast til að skýra þær reglur sem gilda um samskráningu móður- og dótturfélaga á virðisaukaskattsskrá og um meðferð virðisaukaskatts í viðskiptum þeirra á milli. Farið er yfir skilyrði samskráningar, umsókn um samskráningu og hvaða reglur gilda um viðskipti og útgáfu reikninga í viðskiptum milli fyrirtækja innan samskráningarinnar.

2 Heimild til samskráningar

Heimild til samskráningar á virðisaukaskattsskrá er samkvæmt 5. gr. A laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, en þar er er kveðið á um að ríkisskattstjóri geti að tilteknum skilyrðum uppfylltum heimilað tveimur eða fleiri hlutafélögum og einkahlutafélögum og einnig sparisjóðum og dótturfélögum þeirra samskráningu á virðisaukaskattsskrá. Með samskráningu er móður- og dótturfélögum þannig gert kleift að vera ein skattaleg eining þannig að heildar virðisaukaskattur allra félaganna verður jafn hár og hann hefði orðið ef öll starfsemi félaganna hefði verið rekin í einu félagi. Með tilliti til virðisaukaskatts skoðast starfsemi hinna samskráðu félaga því sem ein starfsemi.

Samskráningin er þannig til hægðarauka fyrir hin skráðu félög þar sem út- og innskattur jafnast út og af þeim ástæðum ber þeim ekki að innheimta virðisaukaskatt í viðskiptum sín á milli en þó með tilteknum undantekningum, sbr. nánar í kafla 4.

Ekki er gert að skilyrði að öll félög innan samskráningar hafi með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi. Samskráning getur þannig náð til samstæðu þar sem félög hafa ýmist með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi eða starfsemi undanþegna virðisaukaskatti. Í þeim tilfellum þarf að athuga sérstaklega hvort innheimta beri virðisaukaskatt eða ekki, sbr. umfjöllun í kafla 4. Þá getur móðurfélag f.h. samstæðunnar sótt um sérstaka eða frjálsa skráningu á virðisaukaskattsskrá en slíkum skráningum verður eftir sem áður að halda aðgreindum frá annarri skráningu.

2.1 Skilyrði samskráningar

Við samskráningu er móðurfélagið skráð á virðisaukaskattsskrá fyrir hönd allra félaga í samstæðunni. Skilyrði samskráningar eru að öðru leyti eftirfarandi:

- að móðurfélag sem óskar samskráningar eigi að lágmarki 90% hlutafjár í þeim dótturfélögum sem einnig taka þátt í samskráningunni
- að öll félögin sem taka þátt í samskráningunni séu með sama reikningsár
- að samskráningin standi í að minnsta kosti fimm ár.

Skilyrði varðandi eignarhald, sama reikningsár og lengd samskráningar eru hin sömu og gilda um samsköttun félaga samkvæmt lögum um tekjuskatt. Ef eitt þessara skilyrða er ekki uppfyllt, t.d. ef móðurfélag á minna en 90% hlutfjár í dótturfélagi, verður það ekki samskráð með því félagi.

3 Umsókn um samskráningu

Umsókn um samskráningu skal senda í nafni móðurfélagsins og berast Skattinum eigi síðar en átta dögum fyrir upphaf fyrsta reikningsárs sem samskráningu er ætlað að taka til. Berist umsókn um samskráningu eftir það tímamark verður henni synjað varðandi fyrsta árið sem samskráningu er ætlað að ná til.

Breytingar á forsendum samskráningar, svo sem breytt eignarhald, skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breyting hefur átt sér stað. Þeir tímafrestir sem hér um ræðir eru þeir sömu og gilda um tilkynningarskyldu vegna skyldubundinnar skráningar.

4 Virðisaukaskattur í viðskiptum samskráðra félaga

4.1 Almenn

Þegar samskráð félög eiga í viðskiptum sín á milli ber þeim alla jafna ekki að innheimta virðisaukaskatt af þeim. Þó er skylt að innheimta virðisaukaskatt í viðskiptum innan samskráða fyrirtækja í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar vara eða þjónusta er seld til annars félags innan samskráningar sem notar hið selda í öðrum tilgangi en sem varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu. Í þeim tilvikum er um að ræða aðföng sem ekki er heimilt að telja til innskatts. Hér er t.d. átt við sölu til félags innan samskráningarinnar sem hefur með höndum starfsemi undanþegna virðisaukaskatti og nýtur því ekki innskattsréttar.
2. Þegar hið selda fellur undir 3. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988 en í þeim tilvikum er um að ræða virðisaukaskatt af aðföngum sem kaupanda er óheimilt að telja til innskatts jafnvel þótt hann hafi með höndum skattskylda starfsemi. Um er að ræða aðföng sem varða t.d. kaffistofu eða mótuneyti, hlunnindi, risnu og gjafir og öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða.

Í framangreindum tilfellum ber seljanda að innheimta virðisaukaskatt af viðskiptunum þrátt fyrir að hann sé samskráður með kaupanda. Þetta stafar af því að skráður aðili hefur ekki heimild til að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna kaupa á aðföngum sem ekki varða hina virðisaukaskattsskylda starfsemi. Kaupandi þarf því að greiða virðisaukaskattinn og fær hann ekki endurgreiddan í formi innskatts enda er samskráningu ekki ætlað að veita þeim félögum innan samstæðunnar sem ekki stunda skráningarskylda starfsemi neinn innskattsrétt, þ.m.t. vegna virðisaukaskatts af sameiginlegum aðföngum allra félaganna. Með þeim hætti að eitt félag innheimtir virðisaukaskatt af öðru samskráðu félagi er meðferð virðisaukaskatts með sambærilegum hætti og í viðskiptum við ótengdan aðila sem ekki hefði innskattsrétt af kaupunum.

Samskráning á samkvæmt framansögðu ekki veita hinum samskráðu félögum rýmri rétt eða fjárhagslegan ávinning umfram það sem hefði verið ef starfsemin hefði öll verið á hendi einnar lögpersónu.

4.1.1 Dæmi um viðskipti með og án virðisaukaskatts

Félag innan samskráningar hefur með höndum lögfræðiþjónustu í atvinnuskyni og selur einnig félögum innan samstæðunnar slíka þjónustu. Salan til félags sem hefur með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi er án virðisaukaskatts en með virðisaukaskatti til félags sem er í undanþeginni starfsemi.

Ef félag innan samskráningar sér um almennt skrifstofuhald, þ.m.t. færslu bókhalds eða rafræna gagnavinnslu, til eigin nota fyrir félög innan samstæðunnar en ekki í atvinnuskyni, ber ekki að innheimta virðisaukaskatt af slíkri þjónustu. Kemur það til af því að framangreind þjónusta telst ekki rekin í samkeppni við atvinnurekstur og því ekki skylt að reikna og skila útskatti af þessari þjónustu. Þessi regla gildir þó ekki um aðra þjónustu sem félög innan samstæðu kunna að veita til eigin nota innan samstæðufélaga og í samkeppni við annan atvinnurekstur.

4.2 Reikningsútgáfa í viðskiptum milli samskráðra

Seljandi þarf að tilgreina á sölureikningi grundvöll fyrir undanþágu frá álagningu virðisaukaskatts í viðskiptum við samskráðan aðila. Nauðsynlegt er að móðurfélagið geti lagt fram slík gögn til sönnunar á fjárhæðum veltu og útskatts á virðisaukaskattsskýrslu fyrir hvert uppgjörstímabil fyrir sig.

Í bókhaldi félagsins er velta vegna sölu til samskráðra aðila færð á sérstakan bókhaldslykil þar sem skýrt kemur fram um hvers konar sölu er að ræða.

5 Viðskipti við aðila utan samskráningar

Þegar félag innan samskráningar á í viðskiptum við aðra sem standa utan við skráninguna skal það innheimta virðisaukaskatt af söluverði til samræmis við almennar reglur þar um enda gilda engar sérreglur um slík viðskipti.

6 Skil á innheimtum virðisaukaskatti

Við uppgjör virðisaukaskatts hjá samskráðum félögum skal litið á þau sem eina lögpersónu. Með samskráningu falla því allar skyldur varðandi uppgjör, skil og álagningu virðisaukaskatts á móðurfélagið vegna allra þeirra félaga sem samskráð eru. Öll félögin sem eru samskráð og hafa með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi eru því skráð á virðisaukaskattsskrá en uppgjör virðisaukaskatts og sameiginleg skil allra félaga fara fram í nafni og á kennitölu móðurfélagsins.

6.1 Ábyrgð á greiðslu virðisaukaskatts

Þrátt fyrir að öll skil til Skattsins fari fram í nafni móðurfélagsins bera öll félög innan samskráningarinnar sameiginlega ábyrgð á greiðslu virðisaukaskatts af hinni sameiginlegu starfsemi.

7 Lok samskráningar

Samskráning skal standa í að minnsta kosti 5 ár en að þeim tíma liðnum er heimilt að ljúka skráningunni. Sé samskráningu slitið áður en fimm árin eru liðin er ekki heimilt að fallast á samskráningu að nýju fyrr en að liðnum fimm árum frá því fyrri samskráningu var slitið.